

106. stjórnarfundur Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 10. mars 2020

Fundargerð

Fundurinn var haldinn hjá Austurbrú á Egilsstöðum og hófst hann kl 14:00.

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Einar Már Sigurðarson, Gunnar Jónsson og Stefán Bogi Sveinsson. Sigríður Bragadóttir, Sæunn Stefánsdóttir og Hildur Þórisdóttir tóku þátt í gegnum fjarfundarbúnað. Pálína Margeirsdóttir og Þráinn Lárusson boðuðu forföll og í stað þeirra mættu Jón Björn Hákonarson og Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir varamenn. Einnig sat fundinn Hlín Pétursdóttir Behrens, fulltrúi í fagráði Austurbrúar.

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður stjórnar bauð fundargesti velkomna og setti fundinn.

- 1. Fundargerð 105. fundar stjórnar til samþykktar.**
Fundargerðin var staðfest og undirrituð af stjórn.
- 2. Fundargerðir framkvæmdaráðs voru lagðar fram til kynningar**
 - 3. fundur framkvæmdaráðs 20. desember 2019
 - 4. fundur framkvæmdaráðs 14. janúar 2020
 - 5. fundur framkvæmdaráðs 18. febrúar 2020
 - 6. fundur framkvæmdaráðs 6. mars 2020
- 3. Fundaáætlun Austurbrúar til sumars**
Framkvæmdastjóri kynnti drög að fundaáætlun til sumars. Aðalfundur hefur verið færður fram til 19.maí. Stjórn sammála um að stefnt verði að því að halda áætlun og notast verði við fjarfundarbúnað ef þurfa þykir í ljósi aðstæðna.

4. Sameiginlegur fundur stjórnar Austurbrúar og fagráðs Austurbrúar.

Úr 10. gr. skipulagskrár

...Stjórn og fagráð skulu funda saman að minnsta kosti einu sinni á ári....

Mættir fulltrúar fagráðs voru: Hjördís Þóra Sigþórsdóttir, Sæunn Stefánsdóttir og Hlín Pétursdóttir Behrens. Þráinn Lárusson og Sigurður Steingrímsson boðuðu forföll.

Formaður stjórnar gaf fulltrúum fagráðs orðið

Farið var yfir viðfangsefni fagráðs á síðasta ári og hlutverk þess. Fram kom að eiginlegt hlutverk fagráðs væri enn í mótun en mikilvægt væri að góð tengsl væru milli stjórnar og fagráðs og að fagráð veitti endurgjöf til stjórnar sem nýttist við áframhaldandi þróun bæði hlutverks og verkefna Austurbrúar. Rætt var um hlutverk og verkefni Austurbrúar.

Framkvæmdastjóri velti því upp hvort tímabært væri að fara í nýja stefnumótunarvinnu í ljósi breytinga á tíðarandanum. Ljóst er að í sóknaráætlun sem nýlega var samþykkt er lögð mikil áhersla s.s. á umhverfismál, málefni tengt íbúum af erlendum uppruna o.fl. Núverandi stefnumótun Austurbrúar tók til árána 2014-2020. Ljóst er að ýmislegt er að breytast og á eftir að breytast á næstu misserum. Umræður voru um stöðu atvinnuþróunar og nýsköpunar á svæðinu og þeim sóknartækifærum sem til staðar væru m.a. í þeim breytingum sem eru að eiga sér stað. Framkvæmdastjóra er falið að útbúa minnisblað varðandi nýsköpunartækifæri á Austurlandi.

5. Önnur mál

5.1 Erindi frá Vestfjarðarstofu varðandi Fiskeldi.

Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar erindi frá Vestfjarðarstofu um samvinnu Austurlands og Vestfjarða í mótun framtíðarsýnar í fiskeldi.

Framkvæmdastjóra falið að funda með Vestfjarðarstofu og kynna sér málið.

Ekki fleiri mál, fundi slitið kl 15:45

Einar Már Sigurðarson

Hildur Þórisdóttir

Gauti Jóhannesson

Sæunn Stefánsdóttir

Hlín Pétursdóttir Behrens

Gunnar Jónsson

Stefán Bogi Sveinsson

Jón Björn Hákonarson

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir